



Framkvæmdir hafnar við jarðvinnu í Hringbrautarverkefninu

Framkvæmdir eru hafnar við bílastæðareit – norðan megin við BSÍ (sjá kort).

Framkvæmdatími: Um 20 mánuðir, allt fram á vorið 2020.

Um er að ræða framkvæmdir við götur, göngustíga, bílastæði og annan lóðafrágang á afmörkuðum svæðum við Hringbrautina auk þess jarðvinna verður í grunni meðferðarkjarnans. Einnig er hugað að gerð bílakjallara á síðari stigum til hliðar við meðferðarkjarnann.

Þær framkvæmdir sem byrjað hefur verið á eru eftirfarandi:



1. Bílastæðareitur A – norðan megin við BSÍ reit (sjá kort)

- Svæðið girt af og jarðvegsskipt – gerð bílastæða.
- Þetta ætti ekki að hafa neinar afgerandi afleiðingar fyrir starfsemi í för með sér eða hindra umferð að og frá svæðinu.


Framkvæmdatími: 5-6 vikur.

2. Lagning kaldavatns lagnar frá Eiríksgötu og inn í aðalbyggingu (sjá kort)

- Svæðið girt af og hafist handa við skurðgröft og lagnavinnu.
- Vegna þess að þetta er aðalaðkomuleið sjúkrabíla þá verður þess gætt að lögnin verði utan götunnar og trufli ekki umferðaflæði að neyðarmóttöku.
- Sett verður keyrslubru á skurðstæði til að tryggja að- og fráakstur á bílastæði við eldhúsbyggingu.

Framkvæmdatími: ca 3 vikur

Á eftirfarandi korti eru sýndir hringir utan um þau svæði þar sem framkvæmdir standa yfir.



Akstursleið Gönguleið Í vinnslu Varnargirðing

Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:

Ásbjörn Jónsson verkefnastjóri NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is

Ólafur Birgisson verkefnastjóri FSR, 896 7330 eða netfangið olafur.b@fsr.is

Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is.

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Stefán Hrafn Hagalín 897 3644

stefanh@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is

